

Alþingi, menning og mannúð.

Alþingi virðist ætla að verða ríflagra við ekkju Guðm. Bárðarsonar en í fyrstu áhorfðist og er það vel farið. Próf. Guðmundur var svo mikilsverður náttúrufræðingur að það er óhætt að nefna hann með mönnum eins og dr. Bjarna Sæmundssyni og Þorkeli Þorkelssyni, ef því er haldið fram — eins og gert hefir verið — að Íslendingar hafi ekki hæfileika til að stunda náttúrufræði. En nú þegar horfur eru á því að farið verði að reynast ekkjum merkis- manna betur en áður, kemur mjer í hug önnur ekkja, sem ástæða er til að sýna drengskap, og ekki síður, þó að það hafi dregist nokkuð lengi. Það er frú Guðrún, ekkja Þorsteins Erlingssonar, sem jeg á við. Þorsteinn Erlingsson var einn af mestu snillingum sem á Íslandi hafa verið og öllum Norðurlöndum; en mjer er vel kunnugt um það, að hann leit svo á sem umönnun Guðrúnar hefði lengt í sjer lifið um nokkur ár, og hygg jeg að fáir muni verða til að bera á móti því að íslenska þjóðin sje í þakkarskuld við hana fyrir það. —

Gleðilegt væri það, ef þetta sem jeg mintist á fyrst, mætti skoða sem vott um að nokkuð væri farið að draga úr þeirri sannfæringu — en hún virðist hafa verið talsvert mögnuð — að þar liggi við þjóðarheill, að sparað sje fje til mentamála eða í sambandi við þau, og þá einkum smáfúlgur til einstakra manna, sem þeim kemur mjög illa að verða að vera án. En það er óhætt að fullyrða, að heill þjóðarinnar er ekki undir þessháttar sparnaði komin, heldur undir öðru. Hefir Þorsteinn Erlingsson vikið að því máli vel í þessum alkunnu orðum:

Jeg treysti því sannleiki, að sigurinn þinn
að síðustu vegina jafni.

Hefir Þorstein þarna, sem viðar, verið fundvís á hin rjettu orð, á þann hátt sem einungis hinir ágætustu snillingar eru.

Íslendingar voru einu sinni öndvegisþjóð, og þeir geta orðið það aftur og betur, þó að þjóðin sje smá. En þó mun þetta aldrei verða, hversu duglegir sem menn reynast að öðru leyti, ef ekkj verður sannleikurinn metinn eins og rjett er. —

14. apríl.

Helgi Pjeturss.

M.M. 4 mai 1933